

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Málefna svið: Orkuöryggi, raforkulög
Mál nr. 232/2024

Reykjavík, 16. janúar 2025
Tilv.: 2412007

Efni: Umsögn vegna samráðs um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála

1. Samkeppniseftirlitið vísar til samráðs um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála, sem Samkeppniseftirlitinu var boðið að taka þátt í, sbr. mál umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins á samráðsgátt stjórnvalda nr. 232/2024.
2. Samkeppniseftirlitið hefur látið málefni á sviði umhverfis- og orkumála sig varða um langt skeið og reglulega bent á þörf þess að einfalda leyfisveitingaferla á því sviði. Í umsögn Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2023, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003, segir m.a. í 22. mgr.: „Við frekari mótun á umgjörð raforkumarkaðar er brýnt að stjórnvöld skapi eftir föngum nýja hvata til samkeppni, dragi úr aðgangshindrunum, einfaldi og flýti fyrir leyfisveitingum nýrra virkjanakosta og raforkuframleiðslu og gæti þess að rótgrónum og e.a. markaðsráðandi fyrirtækjum á markaðnum sé ekki ívilnað á kostnað fyrirtækja sem freista þess að skapa sér sess á honum.“¹
3. Að mati Samkeppniseftirlitsins er mikilvægt að stjórnvöld setji fram skýra stefnu í mikilvægum málaflokki eins og leyfisveitingum á sviði umhverfis- og orkumála, sem til þess er fallin að auka samkeppni á raforkumarkaði, sbr. meginmarkmið gildandi raforkulaga.
4. Samkeppniseftirlitið fagnar því þeim breytingartillögum sem kynntar hafa verið og telur ljóst að einföldun og samræming leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála leiði til minni reglubyrði fyrir aðila á markaði, auðveldi aðgang nýrra aðila inn á markaðinn og séu til þess fallnar að hafa jákvæð áhrif á samkeppni á raforkumarkaði. Eru aðgerðir af þessu tagi einnig mikilvægur liður í því að sporna gegn orkuskorti, hraða orkuskiptum og öðrum aðgerðum til að bregðast við hlýnun jarðar.
5. Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum og ber Samkeppniseftirlitinu að ná markmiðum laganna með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Markmið raforkulaga nr. 65/2003 er m.a. að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku með þó takmörkunum út frá öryggi raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna.
6. Líkt og áður hvetur Samkeppniseftirlitið ráðuneytið til að halda áfram að leggja heildstætt mat á áhrif laga og reglna á samkeppni á mörkuðum á sviði umhverfis- og orkumála svo að tryggt sé að samkeppnislög og raforkulög vinni að sambærilegum markmiðum þegar kemur að samkeppni á raforkumörkuðum. Vísast í þessu skyni til þeirrar aðferðarfræði sem OECD hefur mótað við samkeppnismat (e. OECD Competition

¹ Umsögn Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2023 er aðgengileg hér: <https://www.samkeppni.is/media/umsagnir-2023/9-2023.pdf>.



Assessment Toolkit)² Að mati Samkeppniseftirlitsins er slíkt samkeppnismat ein skilvirkasta leiðin til að einfalda lög og reglur og draga þar með úr reglubyrði.

Virðingarfyllst,

Samkeppniseftirlitið

² Nánari upplýsingar um samkeppnismat OECD, og þau verkfæri sem unnt er að styðjast við þegar regluverk er mótað, má finna hér: <https://www.oecd.org/en/topics/sub-issues/competitive-and-fair-markets/competition-assessment.html>.